

Ritdómur

Vilji er allt sem þarf: Endurminningar séra Vigfúsar Þórs Árnasonar.
Ragnar Ingi Aðalsteinsson skráði. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar 2016, 200 bls.

Séra Vigfús Þór Árnason lét af störfum á síðastliðnu ári eftir að hafa þjónað sem sóknarprestur í 40 ár, fyrst á Siglufirði en síðar í Grafarvogi. Sú bók sem hér er til umfjöllunar var gefin út í tilefni af starfslokum sr. Vigfúsar Þórs.

Hér er um persónusögu að ræða þar sem Vigfús Þór sjálfur er sögumaðurinn en Ragnar Ingi Aðalsteinsson hefur ritað bókina og byggt upp á haglegan hátt. Meðal annars hefur hann rætt við fjölda samferðamanna Vigfúsar og setur skásetjari frásagnir þeirra oft í innskotskafla í ramma. Lífga þeir vitnisburðir tvímælalaust upp á frásögnina og hjálpa til við að draga upp trúverðuga mynd af hinum kunna sóknarpresti. Um þetta segir Ragnar Ingi sjálfur (bls. 191): „Þessi viðtöl gætu flokkast undir rannsóknaraðferð þar sem leitað er gagna til að styðja við niðurstöðurnar.“

Karl Sigurbjörnsson biskup hefur t.d. þetta að segja: „Vigfús Þór er alveg ótrúlega duglegur og kraftmikill. Svo hefur hann fádæma hæfileika, ég vil segja náðargáfu, til að virkja fólk með sér“ (bls. 113). Þarna hefur Karl biskup tvímælalaust hitt naglann á höfuðið því að bókinn í heild staðfestir þessi einkenni Vigfúsar Þórs.

Vigfús nam guðfræði, auk námsins við Háskóla Íslands, við merkar menntastofnanir, beggja vegna Atlantsáala, annars vegar í Kaliforníu og hins vegar í Þýskalandi, og hafði raunar verið skiptinemi í Bandaríkjunum á yngri árum. Þá hefur hann komið við á vettvangi félagsmála, m.a. starfað í lögreglunni, við kennslu og setið í bæjarstjórn, þannig að sannarlega kennir hér margra grasa.

Ritið hefur ekki fræðilegt yfirbragð á sér og myndi tæplega flokkast sem guðfræðirit heldur, en engu að síður er það nú svo að líf og starf sr. Vigfúsar Þórs lýsir ákveðinni guðfræði í verki. Þá eru prestaköllin sem hann starfaði í svo ólík að það er forvitnilegt fyrir lesanda sem er áhugasamur um stöðu íslensku þjóðkirkjunnar að bera saman frásagnirnar af störfum Vigfúsar í nokkuð dæmigerðu prestakalli í sjávarplássi úti á landi annars vegar og viðfangsefnin í stærsta prestakalli landsins hins vegar. Þegar Vigfús kom í Grafarvogssókn í nýjasta hverfi höfuðborgarsvæðisins var þar engin kirkjan og hvorki organisti né kirkjukór. Allt þurfti að byggja upp frá grunni. Þar trúi ég að Vigfús hafi verið réttur maður á réttum stað. Ítarleg lýsing á starfinu í Grafarvogi sýnir líka hve gríðarlega umfangsmikið það hefur verið.

Stundum er talað um trú og list sem systur. Þá skoðun má lesa út úr áherslum Vigfúsar í prestsstarfinu. Á Siglufirði lagði hann sig fram um að bjarga menningarverðmætum, vann m.a. ötullega að því að komið yrði upp Síldarminjasafni þegar til stóð að rífa gömlu síldarhúsin í bænum. „Hann lyfti sjálfsmynd staðarins og fólksins sem þar bjó“ segir hinn kunní athafnamaður Siglufirðinga, Róbert Guðfinnsson (bls. 93).

Sama var uppi á teningnum í Grafarvogi. Hann vildi opna kirkjuna og sjá hana sem menningarmiðstöð samfélagsins. Um þessa áherslu hans segir Björn Erlingsson, einn af sóknarnefndarmönnum í Grafarvogi: „Mér finnst það hafa einkennt starf Vigfúsar hvað hann er naskur á að tengja kirkjustarfið samfélagslega. Það hefur verið lifandi og virk leið frá kirkjunni úr í nærsamfélagið, til dæmis gagnvart forvarnarstarfi í íþróttafélögunum og foreldrafélögum skólanna. Það er mjög mikilvægt að hafa slíkt frumkvæði“ (bls. 177).

Hinn stóri og glæsilegi steindi gluggi Leifs Breiðfjörð í Grafarvogskirkju er dæmi um hina listrænu áherslu Vigfúsar sem og kraft hans og útsjónarsemi við að koma hlutum í framkvæmd. Fram undan var árið 2000, kristnihátíðarárið, og þá átti einmitt að vígja kirkjuna. Vigfús ræddi hvort ekki væri hugsanlegt að ríkisstjórnin „ætlaði að gefa æsku landsins eitthvað í tilefni 1000 ára afmælisins.“ Vigfús ræddi síðan við Leif sem rissaði upp litla mynd á blað til að sýna hvernig glugginn sem snýr út að Grafarvoginum gæti litið út. Síðan fór Vigfús á fund Davíðs Oddssonar forsætisráðherra og niðurstaða þess fundar var sú að Davíð sagði einfaldlega: „Við gerum þetta, séra Vigfús.“ Ýmsar nokkuð hliðstæðar frásagnir eru af því hvernig Vigfús kom ýmsum hlutum í framkvæmd sem flestir aðrir hefðu talið illmögulega.

Ekki verður skilið við umsögn um þessa bók án þess að nefna Elínu, konu Vigfúsar, enda maklega víða vikið að henni í bókinni svo mjög sem hún lét kirkjustarfið til sín taka, en það kemur einnig fram hjá syni þeirra hjóna að stundum hafi hún þurft að halda aftur af eiginmanninum í ákafa hans. Eftir Vigfúsi eru enda höfð orðin: „Ég er alltaf með hugann fullan af því hvað þurfi að gera næst“ (bls. 7).

Þar kemur í hugann titill bókarinnar: Vilji er allt sem þarf. Fyrirfram hefði maður líklega fremur búist við einhverri biblíuvísun. En Ragnar útskýrir vel hvað hann er að fara. Hann segir réttilega að eitt af því sem einkenni Vigfús sé „þessi ótrúlegi hæfileiki hans til að sameina vilja annarra sínum“ (bls. 191). Það kom þegar fram þegar hann gegndi starfi formanns félags guðfræðinema á háskólaárum sínum, en þó einkum í prestaköllunum tveimur, þar sem hann lét félagsmál talsvert til sín taka, að hann leit á kirkjuna sem menningarstofnun með víðtæka skírskotun, þannig að eftir á að hyggja virðist titillinn vel til fundinn.

Þeir sem þekkja Vigfús Þór vita að þar fer afskaplega hláturmildur og gamansamur maður. Sá eiginleiki hans skilar sér ágætlega í bókinni, t.d. í frásögninni af því er krakkarnir í barnamessunum í Grafarvogi misskildu textann í laginu „Fús ég fylgi þér“ og sungu „Fúsi, ég fylgi þér“, töldu að átt væri við prestinn þeirra! (bls. 120–121). Ragnar skrásetjari segir líka í eftirmála að aldrei á ævinni hafi hann hlegið viðlíka oft og lengi og árið sem hann vann að þessari bók.

Niðurstaðan er sú að hér sé um að ræða ákaflega fróðlega og læsilega bók sem er skrifuð þannig að hún ætti að höfða til breiðs lesendahóps. Þótt ritdómari hafi a.m.k. fljótt á litið saknað þess að ekki væri meiri guðfræðiumræða í henni, eins og t.d. fræðileg greinargerð um guðfræði hins heimþekkta prófessors Pannenberg, sem var leiðbeinandi Vigfúsar í Þýskalandi, þá er óhætt að segja að lífssaga sr. Vigfúsar Þórs Árnasonar sé guðfræði í verki.

Í starfi Vigfúsar birtist guðfræði manns sem vill láta til sín taka í samfélaginu, leiðbeina og aðstoða ungmenni og þá sem eru hjálpar þurfi, virkja áhugafólk og treysta sóknarnefndarfólki til góðra verka, tengja saman trú, þjóðfélag og menningu. Það gerði hann bæði í starfi sínu sem prestur á Siglufirði og í Grafarvogi svo að til eftirbreytni er. Það hefur sannarlega munað um starf sr. Vigfúsar Þórs Árnasonar á þeim 40 árum sem hann hefur þjónað innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Ungir prestar sem eru að hefja starf á akrinum geta margt af þessu riti lært.